



Menningar-, íþróttá- og tólmstundaráð

Reykjavík 28. júní 2021

Listaverkið *Vindharpa* við tónlistarhúsið Hörpu, kynning.

Í tilefni þess að tónlistarhúsið Harpa fagnar nú 10 ára afmæli samþykkti borgarráð að reisa listaverk á opnu svæði við húsið. Samkvæmt tillögu frá Listasafni Reykjavíkur varð listaverkið *Vindharpa* eftir Elínu Hansdóttur fyrir valinu. Val á listaverkinu var í höndum dómnefndar og hluti af endurvakinni vinnu með völdum listamönnum sem fram fór í hönnunarferli svæðisins umhverfis Hörpu.

Í samráði við núverandi hönnuði svæðisins og rekstaraðila Hörpu hefur verkinu verið valinn staður við enda Reykjastrætis þar sem það er sýnilegt þegar komið er að Hörpu eftir Reykjastræti en einnig þegar farið er eftir Sæbraut.

Vindharpa sækir form sitt til kenninga um myndgerða hljóðbylgju. Verkið er eins konar hljóðfæri og má segja að vindurinn „spili“ á skúlptúrinn og hafi þannig vísan til tónlistar og hæfir vel fyrir utan Hörpu. Efnisval og nákvæm afstaða verksins miða við að það verði hóflegur hljóðgjafi og trúfli ekki umhverfi sitt. Dómnefnd valdi tvö ólík verk úr þeim tillögum sem fyrir lágu, *Vindhörpu* Elínar Hansdóttur og *Gutl* eftir Finn Arnar Arnason, en lagði jafnframt til að *Vindharpa* fengi forgang. Verkin tvö eru afar ólík og vel til þess fallin að laða fólk á öllum aldri að svæðinu og auka gildi þess til útivistar.

Verkið *Vindharpa* eftir Elínu Hansdóttur og staðsetning þess er hér lagt fram til kynningar og athugasemda – *sjá einnig fylgiskjal Vindharpa-staðsetning-kynning*.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur